



Fundarboð

Guðrún Larsen

Fræðimaður við Jarðvísindastofnun Háskólans heldur fyrirlestur á vegum
Vísindafélags Íslendinga í Norræna húsinu **miðvikudaginn 29. mars 2006, kl. 20:30**

Þáttur þeytigosá í eldvirkni á nútíma

Þeytigos - gos þar sem gosefnin eru að miklu eða öllu leyti gjóska - eru ríkur þáttur í eldvirkni á Íslandi á nútíma. Í meirihluta þeytigosanna er kvikan basalt sem er óvenjulegt ef miðað er við eldvirkni í öðrum löndum. Það helgast af aðstæðum hér þar sem jöklar þekja hluta af gosbeltunum, grunnvatnsstaða er víða há og eldvirku svæðin teygja sig til hafs sunnan lands og norðan.

Gjóskulög varðveita upplýsingar um gossögu eldstöðva þar sem þeytigos eru hluti eða ríkjandi þáttur eldvirkinnar. Hvert gjóskulag geymir jafnframt upplýsingar um gosið sem myndaði það. Hér verður einungis er fjallað um gjóskulög á landi sem varðveitt eru í jarðvegi, setlögum og jökulís. Jarðvegsmyndun hófst þegar jöklar hopuðu af landinu en elsti jarðvegur í samfelldum sniðum er þó sjaldan meira en 7-9000 ára gamall og varðveisluskilyrði hafa verið misjöfn. Vatnaset eldra en 10.000 ára er þekkt úr ýmsum stöðuvötnum og þar eru varðveisluskilyrði oft mjög góð. Íslensku jöklarnir geyma vel en ekki lengi, dvalartími gjóskulaga í Vatnajökli er aðeins um 1000 ár.

Gossaga síðustu 11 alda er allvel þekkt, bæði af rituðum heimildum og rannsóknum fræðimanna. Vitað er um rúmlega 200 eldgos þar sem gosefnin eru þekkt með vissu eða heimildir óvæfengjanlegar, auk annarra óvissari atburða sem ekki teljast með að sinni. Í um 65% tilfella voru gjóskulög einu ummerkin um gosin og rúmlega 75% gosanna skildu eftir sig gjóskulag. Gjóskulög geyma því upplýsingar um meirihluta gosa á sögulegum tíma. Gossaga virkustu eldstöðvakerfa landsins, kennd við Grímsvötn, Kötlu, Veiðivötn og Heklu, hefur að verulegu leyti verið rakin með samþættingu gjóskulagarannsókna og upplýsinga úr rituðum heimildum.

Fjöldi varðveittra gjóskulaga frá forsögulegu tíma skiptir hundruðum og sömu fjögur eldstöðvakerfin eiga þar stærstan hlut. Fyllst er þekkingin um þeytigos á Kötlukerfinu. Þar nær sagan til síðustu 8400 ára og meðal þess sem komið hefur í ljós er að gostíðnin á forsögulegum tíma var að meðaltali tvöfalt hærri en á sögulegum tíma. Gossaga Heklukerfisins á forsögulegum tíma er allvel þekkt og er verulega frábrugðin gossögu síðustu 900 ára. Gossaga Grímsvatnakerfisins er hins vegar að miklu leyti töpuð - stærsti hluti hennar var geymdur í jökli sem nú er bráðnaður.

Fundurinn er öllum opin. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér gesti. Kaffistofa Norræna hússins verður opin að fundi loknum. Gjörð svo vel að hengja þessa auglýsingu upp á vinnustað þar sem við á.